



<b>Kennarar:</b>	<b>Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, helg@fsu.is</b> <b>Kristjana Sigríður Skúladóttir, kristjanas@fsu.is</b>	<b>GHG</b> <b>KSS</b>
------------------	---	--------------------------

Undanfari: STÆR2RU05

## Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- tölfræðilegum gögnum
- líkindafræði og líkindadreifingu
- hugtökunum úrtaki og þýði
- öryggisbili þýðis
- fylgni

Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Nemandi geti af öryggi:
- unnið úr tölfræðilegum gögnum á skipulegan hátt
- túlkað og metið tölfræðilegar upplýsingar á gagnrýnn hátt
- notað einföld líkindi til að segja fyrir um atburði, meta áhættu, velja og taka ákvarðanir
- nota úrtak til að gera tölfræðilegt mat á þýði
- fundið öryggisbil fyrir meðaltal þýðis
- fundið fylgnistuðul milli tveggja breyta

Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilið merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með þau
- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi
- greint og hagnýtt upplýsingar á öðru stærðfræðiþrepi, í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum
- áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og geta spurt slíkra spurninga
- hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sértækum verkefnum

## Kennslubækur og önnur kennslugögn

Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson (6.útg. endurpr. 2015).  
Vasareiknivél.  
Rúðustrikuð blöð eða bækur A-4.  
Reglustika.

## Lotupróf/Verkefnaskil/Vinnubók

Á önninni verða lögð fyrir 3 **lotupróf** og nokkur **heimaverkefni** þar á meðal **úrklippuverkefni** sem skila á fyrir miðja önn. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum heimaverkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða heimaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það.

## Námsmat

Lotupróf, heimaverkefni og vinnubók (annareinkunn) gilda 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	90%
vægi annareinkunnar er	10%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa	70%
Vægi heimadæma er	20%
Úrklippuverkefni	10%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

**Skilyrði til að sleppa lokaprófi:**

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

### Ath.

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F. Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

## Áætlun um yfirferð og kennslu á önninni

<u>vika</u>	<u>kafla</u>	<u>síða</u>		
3-4	1.	11-30		
4-6	2.-3.	31-70		
6-8	4.	71-85	<b>Lotupróf 1</b>	<b>12./13. febrúar</b>
8-10	5.	87-134	<b>Úrklippuv. skilað</b>	<b>21. febrúar</b>
10-13	6.	135-154	<b>Lotupróf 2</b>	<b>26./27.mars</b>
13-15.	7.	155-172		
16-18.	8.	173-187		
19.	10.	221-235	<b>Lotupróf 3</b>	<b>7./8.maí</b>
20.			upprifjun fyrir lokapróf	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

**F.Su. 13. janúar 2025. Með ósk um góðan árangur og gott samstarf.**

**Helga og Kristjana**